



Starfsáætlun

Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík

fyrir skólaárið 2020-2021

Starfsáætlunina vann Ragnhildur Ásgeirsdóttir skólastýra Barnaskóla Hjallastefnunnar

Efnisyfirlit

1. Stjórnskipulag skólans

1.1.	Hugmyndafræði og skólabragur	5
1.2.	Meginreglur	6
1.3.	Starfsemi skólans	7
1.4.	Stjórnendateymi skólans	8
1.5.	Skipurit Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík	8

2. Skólaráð

2.1.	Verkefnaskrá skólaráðs	8
------	------------------------------	---

3. Mannauður

3.1.	Starfsfólk	9
3.2.	Mannauðsstefna	10
3.3.	Starfslýsingar	11
3.4.	Trúnaðarmaður starfsfólks	12
3.5.	Starfsþróunaráætlun	13
3.6.	Móttaka nýrra starfsmanna	14

4. Skipulag skólaársins

4.1.	Skóladagatal	14
4.2.	Skóladagar á ári	15
4.3.	Vettvangsferðir	16
4.4.	Foreldraviðtöl	16

5. Skipulag kennslu

5.1.	Stundafjöldi og kennslutími	17
5.2.	Stundaskrár nemenda og skipulag.....	17
5.3.	Móttökuáætlun, íslenska sem annað mál	17

6. Mat á skólastarfi

6.1.	Innra mat	18
6.2.	Ytra mat	18
6.3.	Umbótaáætlun.....	18

7. Foreldrafélag

7.1.	Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf	18
7.2.	Foreldrafélag	18
7.3.	Nöfn og netföng stjórnar	21
7.4.	Kjarnafulltrúar	21
7.5.	Kjarnafulltrúar og netföng	21
7.6.	Viðburðir á vegum foreldrafélagsins	22

8. Nemendafélag skóla

8.1.	Leiðtogar	22
------	-----------------	----

9. Skólareglur og skólabragur

9.1.	Stefna í agamálum og skólareglur	24
9.2.	Þjónusta við nemendur með fjölþættan vanda	25
9.3.	Eineltisáætlun	26

10. Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið

10.1.	Forfallatilkynningar	26
10.2.	Bókasafn	27
10.3.	Mötuneyti	27
10.4.	Viðtalstímar	27
10.5.	Óskilamunir	27
10.6.	Íþróttahús og sundlaug	27
10.7.	Heimanám	28

11. Stoðþjónusta

11.1. Einstaklingsáætlun	28
11.2. Náms- og starfsráðgjöf	29
11.3. Nemendaverndarráð	29
11.4. Samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir	30
11.5. Skólahjúkrunarfræðingur	30

12. Sérúrræði

12.1. Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu	31
12.2. Námsver	31

13. Tómsundastarf

31

14. Ýmsar áætlanir

14.1. Áfallaáætlun	32
14.2. Jafnréttisáætlun	34
14.3. Umhverfisáætlun	35

1. STJÓRNSKIPULAG SKÓLANS

1.1. Hugmyndafræði og skólabragur

Skólabragur og stofnanamenning Barnaskólans byggir á meginreglum Hjallastefnunnar. Þar er kveðið á um þau viðhorf til barna og fjölskyldna sem starfsmannahópurinn sameinast um að útfæra á hverju skólaári. Grundvöllurinn er hugmyndafræði þar sem bæði þarfir barna svo og réttur þeirra til að njóta bernsku sinnar er í fyrirrúmi. Í meginreglunum er einnig skýr áhersla á hlutverk starfsfólks og þeim samskiptamáta sem setur jákvæðni og lausnamiðaðar aðgerðir í fyrsta sæti og þar er einnig starfsmanna- og jafnréttisstefna skólans. Einnig kveða meginreglurnar á um umhverfi og efnivið skólans svo og viðhorf til umhverfis og náttúru (sjá meginreglur hér á eftir).

Leiðarljósinn í uppeldisstarfi Barnaskólans í Reykjavík byggjast á kynjanámskrá Hjallastefnunnar sem betur er kynnt hér á eftir. Leiðarljósinn felast í alls sex meginþáttum sem taka bæði til einstaklingsstyrkingar og félagslegrar þjálfunar og eru þau eftirfarandi:

1. **Agi:** Virðing, hegðun, kurteisi, framkoma
2. **Sjálfstýrkur:** Sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning
3. **Samskipti:** Umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða
4. **Jákvæðni:** Gleði, bjartsýni, ákveðni, hreinskiptni
5. **Vinátta:** Félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur
6. **Áræðni:** Kjarkur, kraftur, frumkvæði, framtak

Skólaföt eru notuð í Barnaskólanum. Markmiðið er margþætt en sem dæmi má nefna að með samskonar skólafatnaði styrkist liðsheild allra barnanna, samkeppni minnkar og öll börn mæta í þægilegum og slitsterkum vinnufatnaði á degi hverjum. Fötin eru hin sömu fyrir bæði kyn til að auka samkennd og draga úr kynjabundnum viðhorfum í klæðnaði. Skólafötin eru bláar buxur, rauðar eða bláar léttbuxur og í boði eru bæði langerma og stuttermma bolir með merkinu okkar. Börn velja um bláa eða rauða boli og einnig eru bæði blá og rauð „buff“ með Hjallastefnumerkinu.

1.2. Meginreglur

Meginreglurnar eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnuskóla. Þær eru í reynd bæði stefnuýfirlýsing og hugmyndafræði skólanna og fela í sér þá lífssýn og mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um. Meginreglurnar eru í skýrri forgangsröð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kolli umlykur hver regla þá næstu á undan.

FYRSTA MEGINREGLA; börn og foreldrar: Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga óháð uppruna og menningu. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

ÖNNUR MEGINREGLA; starfsfólk: Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.

ÞRIÐJA MEGINREGLA; umhverfi: Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og ápreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðuráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

FJÓRÐA MEGINREGLA; efniviður: Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

FIMMTA MEGINREGLA; náttúra: Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

SJÖTTA MEGINREGLA; Samfélag: Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji, leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

1.3. Starfsemi skólans

Barnaskólinn í Reykjavík er með starfsleyfi grunnskóla fyrir börn á aldrinum 5-12 ára. Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík var fyrst settur 1. október 2008. Í byrjun var hann til húsa í leikskólanum Laufásborg og síðar við Suðurgötu 14, í hjarta miðborgarinnar og í næsta nágrenni við ýmsar miðstöðvar menningar og lista. Haustið 2009 fluttist skólinn í nýbyggt húsnæði við Nauthólsveg 87 í Öskjuhlíðinni þar sem hann starfar í náinni samvinnu við leikskólann Öskju sem einnig er rekinn af Hjallastefnunni.

Skólinn er sjálfstætt rekinn skóli skv. 43. grein grunnskólalaga og starfar á grundvelli skipulagsskrár sem staðfest er af menntamálaráðherra. Skólanefnd og stjórn Hjallastefnunnar fara með æðsta vald í málefnum skólans skv. grunnskólalögum.


Skólaárið 2020-2021 eru 146 börn. 5 ára deild er starfrækt í Barnaskólanum í Reykjavík en sú deild tilheyrir leikskólanum Öskju samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2009 og samningi Barnaskólans við skóla og frístundasvið frá 4. júní 2019.

Allt starf fimm ára barna gengur út frá kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem unnið er að jafnrétti kynjanna og jöfnum tækifærum þeirra til náms og leik. Stúlur fá til að mynda sérstaka styrkingu í sjálfstæði, frumkvæði og gleði og drengir fá sérstaka styrkingu í almennri félagsfærni, að setja tilfinningar sínar í orð sem og ýta undir hjálpsemi.

1.4. Stjórnendateymi skólans

Skólastýra Barnaskólans er Ragnhildur Ásgeirsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Einar Ómarsson. Skólastýra starfar í nánú samstarfi við framkvæmdarstjóra Hjallastefnunnar Þórdísi Jónu Sigurðardóttur og Margrétu Pálu Ólafsdóttur, stjórnarformann Hjallastefnunnar. Skipa ofangreindar stjórnendateymi skólans.

1.5. Skipurit Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík



2. SKÓLARÁÐ

Í lögum um grunnskóla, nr.91/2008 , 8. gr. segir að við grunnskóla skuli starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í

Barnaskólanum er skólaráð starfandi og er það skipað af foreldrum, fulltrúa úr grenndarsamfélagi, skólastjóra, kennara og starfsmanni skólans. Skólaráðið fundar að meðaltali á sex vikna fresti (Lög um grunnskóla).

2.1. Verkefnaskrá skólaráðs

Verkefnalýsing skólaráðs er að móta stefnu skólans í umhverfismálum, samskiptum, jafnréttismálum í samræmi við stefnu Hjallastefnunnar. Skólaráð fjallar um niðurstöður samræmdra prófa, setur fram hugmyndir að nýjungum í skólastarfinu og getur ákveðið að fjalla um öll þau mál sem það telur vera mikilvæg í tengslum við velferð nemenda, hvort sem það tengist stefnu skólans, umgengni eða umhverfi.

3. MANNAUÐUR

3.1. Starfsfólk

Starfsfólk veturinn 2020-2021.

Nafn	Netfang	Hlutverk á kjarna
Andri Persson	andripers@hjalli.is	Kennari
Anna Margrét Einarsdóttir	annamargret@hjalli.is	Sundkennari
Benedikta Birgisdóttir	benedikta@hjalli.is	Sérkennari
Björg Ragnheiður Vignisdóttir	bjorgerr@hjalli.is	Kennari
Bryndís Anna Bridde	bryndisarna00@gmail.com	Stuðningur
Casper Vissing	casper@hjalli.is	Kennari

Constance M. L. M. Wedjou Dekon	mamis@hjalli.is	stoðþjónusta
Daníel Guðmunds.	daniel@hjalli.is	Íþróttakennari- sundkennari
Edda Huld Sigurðardóttir	eddahuld@hjalli.is	Kennari
Einar Ómarsson	einar@hjalli.is	Kennari
Guðlaug S. Gunnarsd.	gudlaugg@hjalli.is	Stuðningur
Giedra Meskauskienė		Eldhús
Gunnur Birgisdóttir	gunnurmjoll@gmail.com	Stuðningur
Jerome Chapuis	Jerome@hjalli.is	stuðningur
Járngerður Guttormsdóttir	jarngerdur@hjalli.is	Kennari
Júlía Heiða Ocares	juliaheida@hjalli.is	Kennari
Kristín Cardew Guðmundsdóttir	kristinc@hjalli.is	Kennari
Konráð Guðlaugsson	konrad@hjalli.is	Kennari
Ragnhildur Ásgeirsdóttir	ragnhildur@hjalli.is	Skólastjóri
Sunna Jóhannsdóttir	sunna@hjalli.is	Kennari
Sigrún Anna Waage Knútsdóttir	sigrunanna@hjalli.is	Kennari
Ólöf Jóna Marínósd.	olofjona@hjalli.is	Stuðningur
Unnur María Guðmundsdóttir	unnurmaria@hjalli.is	Kennari

Magnea Snorradóttir		Skólafreyja
Emelíana Ocares		Frístundaleiðtogi
Jens Andrédsson		Frístundaleiðtogi
Duncan Cardew		Frístundaleiðtogi
Alfa Jóhannsdóttir		Frístundaleiðtogi
Hringur Ingvarsson		Stuðningur

3.2. Mannauðsstefna

Meginregla tvö í hugmyndafræði Hjallastefnunnar er í hnotskurn mannauðsstefna skólans, þar sem áherslan er á jákvæðni, gleði og kærleika. Það felur í sér að í skólanum er stuðlað að því að þau öfl séu ríkjandi í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra. Mannauðsstefna Hjallastefnunnar felur í sér að skólinn sé vinnustaður með metnaðarfullt og hæfileikaríkt fólk í starfi sem brennur fyrir þeirri hugsjón sem skólinn stendur fyrir. Í skólanum er lögð áhersla á góðan starfsanda og að starfsfólk hlakki til að mæta í vinnuna, að þar ríki góð skólamenning og þar ríki starfsgleði. Markmið mannauðsstefnu er að starfsumhverfi einkennist af fagmennsku og virðingu og vinnuveitendur leggi sig fram um að koma fram við alla í jafnræði og kærleika

3.3. Starfslýsingar

4. Verksvið starfsfólks er mismunandi eftir starfsheitum. *Skólastjóri starfar skv. 7. grein grunnskólalaga.*

5. Verksvið skólastýru nær til faglegra hliða skólastarfsins og daglegrar umsýslu. Hún ber ábyrgð á stefnumörkun skólans og vinnur við hana eftir því sem henni er falið af sveitarstjórn eða kveðið er á í lögum og reglugerðum. Skólastýru ber að kynna sér eftir föngum störf kennara og annarra starfsmanna skólans og árangur þeirra. Henni ber einnig að gera sér far um að veita kennurum og öðrum starfsmönnum skólans allt það lið sem hann má með ráðum og dáð. Skólastýra boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Ætíð skal boða fund ef þriðjungur kennara skólans æskir þess.
6. Kennari, sem ráðinn er til starfa í grunnskóla, skal gegna því samkvæmt lögum, reglugerðum, aðalnámsskrá grunnskóla, erindisbréfi og kjarasamningum.
7. *Starfsfólk grunnskóla starfar skv. 11. og 12. grein grunnskólalaga.*
8. Á kennara hvílir sú skylda að miðla þekkingu til nemenda og veita hverjum nemenda tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði nemenda og frjóa hugsun. Kennara ber að sjá til þess að sérhver nemandi fái viðfangsefni við hæfi, aðstoða hvern og einn í náminu, hvetja til sjálfstæðra vinnubragða, hjálpa hverjum og einum til að meta stöðu sína í náminu og stuðla að því að hver nemandi tileinki sér heilbrigðar lífsvenjur. Kennari skal leitast við að vera nemendum sínum til fyrirmyndar um háttvísi, stundvísi og reglusemi og gæta trúnaðar við nemendur og virða þann trúnað sem þeir sýna honum. Kennari gæti þagmælsku um þau einkamál er hann fær vitneskju um í starfi og þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
Kennara ber að annast kennslu og nauðsynlegan undirbúning samkvæmt stundaskrá og sinna öðrum störfum við grunnskólann sem honum eru falin af skólastýru enda samræmast þau starfssviði hans. Í starfi kennara felst meðal annars:
 - að annast kennslu samkvæmt meginmarkmiðum aðalnámsskrár og stefnu skólans
 - að skipuleggja kennslu sína í samræmi við markmið grunnskólalaga og með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda hverju sinni
 - að fylgjast með ástundun, framkomu og líðan nemenda og gera skólastýru og forráðamönnum nemenda viðvart ef hann telur þörf á

- að fylgjast með aðbúnaði til náms og kennslu og gera skólastýru viðvart ef umbóta er þörf
- að færa dagbækur reglulega, nemendaskrár, einkunnabækur og aðrar nauðsynlegar skýrslur
- að veita umsjónarkennurum og námsráðgjöfum upplýsingar um námsgengi einstakra nemenda
- að veita foreldrum sem gleggstar upplýsingar um skólann og skólastarfið og gengi viðkomandi nemenda
- að hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og sýna hverjum og einum virðingu, áhuga og umhyggju
- að hafa jafnrétti nemenda í öllu skólastarfi að leiðarljósi.

3.4. Trúnaðarmaður starfsfólks

Trúnaðarmanneskja starfsfólks er Edda Huld Sigurðardóttir, varamaður er Sigrún Anna Waage Knútsdóttir.

Trúnaðarmaður Eflingar starfsfólks er Ingibjörg Elín Viðarsdóttir.

3.5. Starfsþróunaráætlun

Endurmenntun kennara/ starfsfólks mótask af hugmyndafræði og stefnu skólans. Endurmenntun fer fram með óformlegum og formlegum hætti í mismunandi útfærslum. Reglulegir fundir kennara og starfsfólks, árgangafundir sem skólastjórnendur sitja, sjálfsnám kennara stuðla að starfsþróun og vexti. Námskeið eru haldin reglulega, námskeið á skipulags eða undirbúningsdögum og starfsfólk leggur inn beiðni um þátttöku í þeim námskeiðum sem það heldur að gagnist þeim í starfi. Áhugi og virkni hvers starfsmanns skiptir þar miklu máli. Skólastjórnendur eru jákvæðir fyrir endurmenntun starfsfólks ef fólk óskar eftir að stunda fjarnám með vinnu. Í Barnaskólanum í Reykjavík er regluleg endurmenntun. Starfsfólk skólans kemur til vinnu 17. ágúst 2020 og sækir námskeið af ýmsum toga.

Hljóðaaðferð í lestrarkennslu er notuð í Barnaskólanum og sækja kennarar námskeið í henni. Grunnnámskeið er fyrir kennara yngstu barnanna og framhaldsnámskeið fyrir kennara eldri barna. Kennarar í Barnaskólanum hafa lokið grunn- og framhaldsnámskeiði í Numicon. Numicon eru stærðfræðigögn og námsefni sem byggð eru á hugmyndum Montessori, Stern og Cuisenaire. Þau hafa verið þróuð af háskólaprófessorum í Bretlandi. Barnaskólar Hjallastefnunnar hafa unnið með þetta verkefni og innleitt í stærðfræðikennslu. Hjallastefnunámskeið og ráðstefnur eru reglulegur hluti af endurmenntun kennara. Í upphafi haustannar fara kennarar á námskeið og fyrirlestra auk þess sem nýir kennarar fara á nýliðanámskeið.

Áætlun 2020-2021

Á vormisseri var haldið námskeið sem bar heitið „ Hvað gerir mig að góðum Hjallastefnukennara?“

Á undirbúningsdögum í ágúst var haldið námskeið fyrir framhaldsnámskeið á námskeiðinu Hvað gerir mig að góðum kennara? Það var einnig haldið námskeið um Mentor og síðan var kynning á skólanámskrá Barnaskólans. Í nóvember verður fyrirlestur um einhverf börn.

Í vormisseri verða tvö námskeið en enn hefur ekki verið ákveðið þegar þetta er skrifað hvaða efni verður tekið fyrir á þeim.

3.6. Móttaka nýrra starfsmanna

Áður en nýr starfsmaður hefur störfvið skólann er honum boðið í heimsókn þar sem hann fær kynningu á starfi og vinnuramma. Þá er farið yfir grunnþætti Hjallastefnunnar og uppbyggingu skólastarfsins. Það er mikilvægt að starfsfólk fái góða kynningu á starfinu þar sem Hjallastefnan er frábrugðin hefðbundnu skólastarfi á margan hátt. Að hausti sækir nýtt starfsfólk nýliðanámskeið Hjallastefnunnar. Boðið er upp á reglulega upprifjun og fræðsla er í kynjanámskrá og grunnþáttum Hjallastefnu yfir skólaárið. Farið er í orðfæri Hjallastefnunnar, áhersluna á kærleika og virðingu í skólastarfinu og hvernig best sé að höfða til barna. Kennurum er síðan boðið reglulega upp á handleiðslu og endurmenntun í hugmyndafræðinni.

4. Skipulag skólaársins

4.1. Skóladagatal

- Skóla- og kennsludagar eru alls 180 samkvæmt 28.gr. grunnskólalaga.
- Skólasetning verður föstudaginn 21. ágúst og skólaslit miðvikudaginn 9. júní 2021.
- Jólaleyfi verður frá 18. desember og hefst kennsla aftur þriðjudaginn 4. janúar. Frístundastarf verður opið fyrir börn 21. og 21.desember.
- Páskaleyfi er í dymbilviku dagana 29. mars til 6. Apríl en þá hefst kennsla á ný. Síðdegisstarf er í boði í dymbilviku.
- Vetrarfrí er á sama tíma og í öðrum grunnskólum Reykjavíkur; 22 og 23. október á haustönn og 22 og 23. febrúar á vorönn.

4.2. Skóladagar á ári

- Föstudagur 16. október
- Mánudagur 9.nóvember
- Mánudagur 19. febrúar
- Föstudagur 23. apríl
- Mánudagur 10. Maí
-

Í Barnaskólanum eru eingöngu tveir skertir dagar á skóladagatali. Þá daga mæta börnin í viðtöl ásamt foreldrum sínum. Skólasetning var föstudaginn 21. Ágúst og var með óhefðbundnum hætti vegna covid 19 faraldursins. Nemendur hittu kennara sína víðs vegar í Öskjuhlíðinni og síðan hófst hefðbundinn skóladagur. En því miður var skólinn settur í tveggja vikna sóttkví vegna veikinda starfsmanns. Á degi skólaslita eru börn í skólanum fram að skólaslitum sem eru ávallt eftir hádegi og fara að þeim loknum á vorhátíð foreldrafélagsins.

Samræmd próf eru lögð fyrir á sama tíma og hjá grunnskólum Reykjavíkur.

Í aðalnámskrá grunnskóla er áhersla á hæfninám, þ.e. að allir nemendur fái þjálfun og öðlist hæfni til að leysa verkefni sín. „Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði“ (*Aðalnámskrá grunnskóla 2011, 25*).

Í Barnaskólanum er Mentor notað til að samræma námsmat, námsmarkmið, verkefni og hæfninám samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmið og kynjanámskrá hefur verið sett upp í Mentor þannig að vel er haldið utan um upplýsingar um nám og stöðu barnanna.

4.3. Vettvangsferðir

Í Barnaskólanum fara börn og kennarar mjög reglulega í vettvangsferðir sem tengjast verkefnum og námi barnanna sem og skemmtiferðir sem auka víðsýni og reynslu þeirra. Á hverju vori er til dæmis varið í tveggja náttu vorferð. Er það liður í áræðnilotu sem er síðasta lota vetrarins samkvæmt kynjanámskrá. Áfangastaðir eru misjafnir eftir aldri barnanna:

5 ára börn fara í Vatnaskóg

6 ára börn fara í Ölver undir Hafnarfjalli

7 ára börn fara á Njáluslóðir og dvelja í Fljótshlíðinni

8 ára börn fara vestur í Þurranes

9 ára börn heimsækja slóðir Bárðar Snæfellsáss og dvelja á Arnarstapa

10 og 11 ára börn fara til Vestmannaeyja

4.4. Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru á skertum skóladögum, einu sinni á hvorri önn, 10. nóvember og 24. febrúar.

5. Skipulag kennslu

Starfsemi grunnskólans þ.e. markmið námsins, kennsluhættir og starfshættir grunnskólans fylgir að öllu leyti fylgja aðalnámskrá svo og skólanámskrá og starfsáætlun sbr. ákvæði í 24. og 29. gr. laga um grunnskóla. Jafnframt er starfað í anda annarrar greinar sömu laga þar sem áherslan er lögð á samvinnu við heimilin, starfshætti sem skulu mótask af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá leitast grunnskólinn við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Námshópar bera heitið kjarnar og er einn kjarni samsvarandi bekkjardeild. Kynjaskiptir kjarnar eru starfandi stóran hluta skólatímans en að auki eru samskipti og samvinna milli kynjanna skv. námskrá.

Mikið listastarf er í skólanum. Sérgreinar eru kenndar ýmist af kennurum í skólanum eða gestakennurum. Tónlistarsmiðjur eru kenndar og öflugt myndlistarstarf er í skólanum. Jóga og hugleiðsla er í boði vikulega og í smíðjum.

Kennarar gera kennsluáætlanir fyrir skólaárið eftir markmiðum hvers árgangs samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Einnig eru gerðar ítarlegri áætlanir fyrir hverja lotu kynjanámskrár sem og vikuáætlanir en þær eru sendar til foreldra á hverjum föstudegi.

5.1. Stundafjöldi og kennslutími

Starfstími nemenda í grunnskólanum á skólaárinu 2020-2021 verður frá 21. ágúst til og með 9. júní 2021. Kennsludagar eru 180 skv. meðfylgjandi drögum að skóladagatali sem fullnægir kröfu í 28. gr. laga um grunnskóla um fjölda skóladaga svo og kröfum sömu greinar um leyfi og hvíldartíma nemenda.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskólanum verður að lágmarki 1200 mínútur á viku eða 240 mínútur á dag sbr. meðfylgjandi drög að kennsluskrá (stundaskrá) skólans. Það samsvarar 30 kennslustundum á viku sbr. ákvæði um 1.-4. bekk í 28. gr. laga um grunnskóla.

5.2. Stundaskrár nemenda og skipulag eru í fylgiskjöllum

5.3. Móttökuáætlun, íslenska sem annað mál

Móttaka barna ef erlendum uppruna.

Barnaskólinn tekur á móti börnum af erlendum uppruna um leið og barnið hefur fengið kennitölu.

Við innritun erlendra barna eru foreldrar boðaðir á fund í Barnaskólanum. Ef viðkomandi foreldrar tala ekki ensku er kallaður til túlkur. Foreldrar fylla út dvalarsamning. Á fundinum er farið yfir starfsemi og skólastarfið kynnt. Foreldrar fá að skoða skólahúsnæðið og skólastýra kynnir kennara barnsins fyrir foreldrum sem situr fundinn. Stundataflan er kynnt fyrir foreldrum, umhverfi skólans og listastarfið. Skólastýra kallar eftir einkunnum, greiningum ef einhverjar eru, heilbrigðisvottorði og bólusetningarvottorði.

Undantekningarlaust fá síðan þessir nemendur aukna þjálfun í íslensku sem öðru tungumáli hjá sérkennara skólans. Markmið sérkennslunnar í upphafi er að nemendur nái að tengjast íslenskum börnum og geti tjáð sig um helstu atriði, til dæmis um grunnþarfir. Notaðar eru myndir til að aðstoða börnin.

Aðrir nemendur í bekknum eru upplýstir um nýja nemandann og hópurinn þannig undirbúinn.

6. Mat á skólastarfi

6.1. Innra mat

Skólanámskrá er grunnur að skólamati og þar kemur fram hvert markmið og gildi skólastarfsins og hvernig skólamenningu stjórnendur skólans vilja skapa. Mánaðarlega eru árgangafundir þar sem kennarar og skólastýra leggja mat á hvernig starfið gangi, hvað virki vel og hvað síður. Einu sinni á ári eru lagðar fyrir starfsmannakannanir og foreldrakannanir til að kanna hug starfsfólks og foreldra til starfs og stefnu skólans. Unnið er markvisst að umbótaáætlun úr niðurstöðum kannana.

6.2. Ytra mat

Vísa til skýrslu í fylgigögnum frá árinu 2013, sjá fylgiskjal

6.3. Umbótaáætlun

Barnaskólinn í Reykjavík tekur þátt í skólapúlslinum en það er vefkönnun sem lögð er fyrir foreldra. Umbótaáætlun, 2019-2020 hefur ekki verið unnin vegna covid.

Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf

7.1. Markmið foreldrasamstarfs er að skapa gagnkvæma virðingu, vera einlæg og opin í samskiptum, sýna skilning og umburðalyndi, stuðla að virkri upplýsingagjöf, skapa þannig umgjörð um allt starf skólans að öllum börnum líði vel í skólanum. Þá eru reglulegar upplýsingar um nám og líðan barna veittar, þannig borin sameiginleg ábyrgð á nemendum skólans, stuðlað að reglulegum heimsóknnum foreldra í skólann og foreldrum gefinn kostur á að taka virkan þátt í starfi skólans, bæði er varðar nám, vinalópa og skemmtanir á vegum foreldra. Mikilvægt er að foreldrar og starfsfólk skólans beri sameiginlega ábyrgð á námi og líðan barna og að traust ríki á milli skólans og heimila. Námskynningar eru haldnar á hverju hausti og kennarar eru í reglulegu sambandi við foreldra.

7.2. Foreldrafélag

Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, 9. gr. er kveðið á um að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastýra er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla (Lög um grunnskóla). Í Barnaskólanum í Reykjavík er virkt foreldrafélag. Stjórn foreldrafélagsins er skipuð að hausti.

LÖG FORELDRAFÉLAGS BARNASKÓLA HJALLASTEFNUNNAR

1.gr. Félagið er foreldrafélag Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík. Félagar skulu teljast allir forráðamenn nemenda skólans.

2.gr. Markmið félagsins er að;

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum
- efla og tryggja gott samstarf foreldra, stjórnenda og starfsfólks skólans

- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
- standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska
- uppfylla kröfur laga um grunnskóla nr. 91/2008.

3.gr. Félagið hyggst vinna að markmiðum sínum og ná fram tilgangi sínum með því m.a. að:

- koma á umræðu-, fræðslu- og kynningafundum um uppeldis- og skólamál
- standa fyrir og styðja við upplýsingamiðlun skólans til foreldra m.a. með virku upplýsingaflæði í gegnum heimasíðu skólans www.hjalli.is/bskre. Þar skulu jafnframt birtar fundargerðir félagsins og annað það sem varðar viðgang og vöxt þess
- veita stjórnendum skólans og skólayfirvöldum lið, til þess að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði eins góðar og kostur er
- styðja og efla hverja þá starfsemi sem kann að stuðla að auknum þroska og menningu skólans
- stuðla að, eftir því sem við á, samstarfi við önnur foreldrafélag, landssamtök foreldra og nefndir og ráð á vegum bæjarfélagsins

4.gr. Stjórn félagsins skal skipa foreldrum/forráðamönnum frá hverjum kjarna skólans. Á síðasta fundi hvers starfsárs skal kanna meðal kjörinna fulltrúa hverjir hyggjast gefa kost á sér til áframhaldandi setu í foreldrafélaginu. Að hausti skal leita eftir framboðum eftir því sem þurfa þykir. Fulltrúar geta gefið kost á sér til áframhaldandi setu, en leitast skal eftir eðlilegri endurnýjun í stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin kjósa, varaformann, ritara og gjaldkera.

5.gr. Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins í samstarfi við skólastýru og skal fundurinn auglýstur með a.m.k. viku fyrirvara. Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað, með auglýsingum í

skólanum, á heimasíðu félagsins eða í sérstökum tilkynningum til foreldra. Í fundarboði skal jafnan greina frá efni fundarins.

6.gr. Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um sérstök afmörkuð verkefni. Stjórnin skal bera ábyrgð á störfum slíkra nefnda.

7.gr. Stjórn foreldrafélagsins skal koma saman eigi sjaldnar en þrisvar á hverju skólaári og oftar ef þurfa þykir. Fyrsti fundur skal haldinn í upphafi hvers skólaárs. Þar skulu rædd mál sem varða markmið og starf foreldrafélagsins og starf foreldra í einstökum kjörnum.

8.gr. Stjórn félagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði mánaðarlegt framlag til félagsins. Skal foreldrum kynnt þessi gjaldtaka og leitast eftir því að innheimta gjaldið jafnhliða gjöldum sem skólinn innheimtir beint. Fjárhæð gjaldsins skal ákveðin á aðalfundi félagsins.

9. gr. Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfundum. Skulu þá allar eignir félagsins renna til skólans.

10.gr. Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi félagsins, enda sé lagabreytinga réttilega getið í fundarboði aðalfundar, bæði að efni og innihaldi.

11.gr. Lög þessi taka gildi frá og með 20. september 2010.

7.3. Nöfn og netföng stjórnar

Eyrún Eggertsdóttir, eyrune@gmail.com

Auður Þórunn Rögnvaldsdóttir, audurtr@gmail.com

Margrét M Norðdahl, mnorddahl@gmail.com

Silja Magnúsdóttir, silja.magnusdottir@gmail.com

7.4. Kjarnafulltrúar

Kjarnafulltrúar eru í hverjum kjarna, að minnsta kosti tveir foreldrar/forráðamenn fyrir hvern hóp. Hlutverk þeirra er að halda utan um kjarnakvöld einu sinni á önn í það minnsta auk þess að vera tengiliður foreldra kjarnans og stjórnar foreldrafélags.

6.5. Kjarnafulltrúar og netföng

Kjarnafulltrúar halda utan um viðburði sem kjarninn tekur þátt í, það eru nokkrir viðburðir yfir árið, síðdegisskemmtanir tengdar öskudeginum eða Halloween eða kjarninn hittist í t.d. í keilu. Viðburðir eða skemmtanir á vegum kjarnans eru yfirleitt tvær á misseri.

Kjarnafulltrúar eru:

6 ára stúlkur Tinna Laxdal- tinnalaxdal@gmail.com

Eva Gústavsdóttir- eva.gustavsdottir@gmail.com

6 ára drengja Bryndís Stefánssdóttir- bryndisstefans@hotmail.com

7 ára stúlkur Elís Rúnarsdóttir - elisrunars@gmail.com

Ásgrímur Fannar Ásgrímsson - fannara@gmail.com

7 ára drengir Erla Hrund Bronsson- erlahrund@gmail.com

8 ára stúlkur Konráð Guðlaugsson- konradg@hi.is

8 ára drengir Torfi Stefán Jónsson- torfi23@gmail.com

Eydís Kristjánsdóttir- eydis@plie.is

9 ára stúlkur Einar Ómarsson- einar@hjalli.is

9 ára drengir Davíð Ólafsson- do@hi.is

10 ára stúlkur Drífa Ármannsdóttir- drifaspost@gmail.com

10 ára drengir Auður Hermannsdóttir- audurhermannsdottir@gmail.com

7.5. Viðburðir á vegum foreldrafélagsins

Viðburðir á vegum foreldrafélagsins eru meðal annars:

- Jólaföndur fyrir foreldra og börn.
- Fyrirlestur fyrir foreldra á vorönn.
- Bingó að vori.
- Vorhátíð að loknum skólaslitum.

7. Nemendaráð skóla

Í nemendaráði eru tíu ára börn skólans. Þau eru tuttugu talsins og hlutverk þeirra er að vinna og fjalla um þau mál er varða hagsmuni nemenda. Nemendur koma fram með hugmyndir að nýjungum eða tillögur um breytingar í skólastarfinu sem þau síðan vísa til skólastýru eða kennara, það fer eftir eðli erindis þeirra. Nemendur í nemendaráði ganga á milli kjarna og tala við aðra nemendur skólans til að tryggja lýðræðisleg áhrif nemenda á starfsemi skólans. Nemendafélag skólans heitir 5-an og þar eru unnið jafnt og þétt að jafnréttismálum, matarmálum, húsnæðis- og umhverfismálum og öðru sem viðkemur málefnum nemenda.

7.5. Leiðtogar

Í Barnaskólanum skiptast börnin í hverjum kjarna á að vera leiðtogar. Hlutverk leiðtogans er fyrst og fremst að vera góð fyrirmynd fyrir hina drengina/stúlkurnar.

- Eftir því sem leiðtoga inn eflist og eldist getur hann/hún tekið þátt í að skipuleggja að einhverju leyti daginn með kennaranum eins og t.d. þegar á að velja óskaval og þætti í dagskipulaginu sem eru sveigjanlegir.

- Hann/hún getur fylgst með dagskipulaginu og látið vita þegar skipta á um stöðvar eða þegar komið er að ávaxtastund og vali o.þ.h.

- Hann/hún getur stjórnað valfundi þegar kennari er kominn með góðan valfund og börnin alveg með á nótunum hvernig hann eigi að fara fram.

- Leiðtoginn getur hugsanlega tekið þátt í að leiða lýðræðisfundi með kennaranum þar sem farið er yfir samskiptin á kjarnanum og komið með ábendingar um lausnir ef upp koma minniháttar samskiptavandamál.

- Hann/hún getur líka komið með góðar hugmyndir að verkefni og hvernig eigi að framkvæma þær þannig að hann/hún læri að fá fólk með sér í framkvæmd og úrlausn á hugmyndavinnu.

Gott er að gera leiðtogaæfingar og fara t.d. í ferðir þar sem leiðtoginn leiðir hópinn í gegnum einhvers konar óvissu. Leiðtogaæfing í gegnum skóginn í Öskjuhlíð er dæmigerð æfing. Þá verður leiðtoginn að passa að halda hópinn og að finna góða leið fyrir alla. Hann/hún á ekki að vera "fyrst í mark" heldur að sjá til þess að koma öllum heilum og höldnum á áfangastaði.

Leiðtoginn er hins vegar **ekki** aðstoðarkennari og á ekki að gefa vinum og vinkonum fyrirmæli eða vera með athugasemdir varðandi hegðun þeirra. Hann/hún hefur ekki vald til að bjóða vinum/vinkonum að "gjöra svo vel" eða að fara í röð eða gefa annars konar fyrirmæli eftir því hvernig börnin hegða sér eða hvort hin börnin eru vel „kjörnuð“.

Markmið með leiðtoganum er að gera börnin sjálfstæð, nota gagnrýna hugsun, efla þau félagslega og persónulega og styrkja þau í skapandi hugsun. Þau fá að taka þátt í að móta starfið, koma með ábendingar og stinga upp á verkefnum. Þau eru spurð að því hvernig best sé að framkvæma hugmyndina og verða þau að koma með úrslausn. Svo þurfa þau að fá vini sína og vinkonur með sér í verkefnið.

8. Skólareglur og skólabragur

9.1. Stefna í agamálum og skólareglur

Barnaskólinn skiptir starfinu sínu upp í lotur. Fyrsta lotan er agalotan og eru lotulyklar; virðing, hegðun, kurteisí og framkoma. Löngum er haft á orði að þetta sé mikilvægasta lotan í þeim skilningi að hún er nauðsynlegur undanfari alls annars í námskránni okkar og jafnvel í öllu skólastarfinu. Börnin þurfa að læra á umhverfi sitt, helstu hegðunarreglur og læra góðan samskiptamáta við önnur börn til þess að starf vetrarins

geti verið friðsælt, árangursríkt og ánægjulegt. Langstærstur hluti þess aga sem Hjallastefnan viðhefur í skólum sínum er fyrirbyggjandi. Til dæmis eru R-reglurnar í hávegum hafðar í Hjallastefnustarfi; **röð, regla og rútína** í fyrirrúmi á öllum sviðum. Þaulhugsuð dagskrá og einfaldleiki í öllu skipulagi. Þjálfun í kurteisi og mannasiðum, æfing í að heilsast og kveðjast, borðsiðir og umgengni um fataklefa eru raunveruleikatengd verkefni í þessari lotu. Framkomuhæfni í kynjablöndun þarf að æfa sérstaklega og tölum við gjarnan um hegðunarfræði.

Hjallastefnan byggir á því að gengið sé um nánasta umhverfið af virðingu þar sem virðing fyrir einstaklingnum er í hávegum höfð. Lögð er áhersla á háttvísi og kurteisi með markvissum agaæfingum. Skólareglur eru einfaldar og fáar og settar í samvinnu við börnin sjálf í byrjun hvers skólaárs. Mæting barna er skráð af kennurnum og fylgt eftir af kennara og/eða skólastýru. Kennari heldur utan um stundvísi barnahóps síns. Skólastýra kemur að máli þar sem á við og þegar þurfa þykir.

Í kynjanámskrá Hjallastefnunnar er kveðið á hvernig skuli haga sér í skólastarfinu. Ekki eru viðurlög við brotum á þeim reglum önnur en þau að þá er börnum leiðbeint og þeim kennt að æfa æskilega hegðun. Ef ekki gengur að aðstoða barn í skólastarfinu er haft samband við foreldra og þeim gert viðvart um hegðun. Unnið er í sameiningu að bættri hegðun. Lagt er upp með skýr skilaboð og einfaldar samskiptareglur.

Úr Handbók Hjallastefnunnar

Yfirheiti	Lotulyklar
Agi	Virðing, hegðun, kurteisi, framkoma
Sjálfstæði	Sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi, tjáning
Samskipti	Umburðarlyndi, hjálpsemi, vísýni, samstaða
Jákvæðni	Félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur
Áræðni	Kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Skólinn byrjar stundvíslega klukkan 9:00.

Nemendur og kennarar klæðast skólafötum í skólanum.

Við berum virðingu fyrir okkur sjálfum og öðrum.

Við berum virðingu fyrir og hugum að umhverfi okkar.

9.2. Þjónusta við nemendur með fjölþættan vanda

Viðbrögð og verklagsreglur við hegðunarvanda nemanda, ástundunarvanda eða samskiptavanda í Barnaskólanum.

1. Ef kennari verður var við vanda í sínum hópi talar hann umsvifalaust við skólastýru sem skoðar sérstaklega samsetningu hópsins, félaga tengsl og félagsfærni barnanna í hópnum.
2. Umsjónarkennari boðar foreldra á fund og talar við þá um líklegar orsakir vandans og ráð við honum.
3. Kennari leitar síðan eftir aðstoð sérkennara og skólastýru
4. Skólastýra kynnir málið á nemendaverndarfundum.
5. Ef nemandi heldur áfram að sýna t.d. hegðunarvandamál er leitast eftir að finna lausnir á hegðunarvandanum með ýmsum aðferðum, hann er tekinn út í hvíld með sérkennara, hann heimsækir eldri börn þar sem hann fylgist með eldri hópum fylgja fyrirmælum og vera til fyrirmyndar
6. Ef ekki næst árangur boðar skólastýra kennsluráðgjafa á fund og kennsluráðgjafi fylgist með barninu.
7. Skólastýra boðar foreldra á fund með kennsluráðgjafa, lausnir kynntar og ráðgjöf veitt,
8. Ef málið ber ekki árangur er það tilkynnt til barnaverndar.

9.3. Eineltisáætlun

Eineltisáætlun Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík má finna hér:

<http://bskrvk.hjalli.is/bskrvk%20reykjav%C3%ADk/skj%C3%B6l%20%C3%A1%20vef/sk%C3%BDslur%20-%20%C3%A1%C3%A6tlunir/eineltis%C3%A1%C3%A6tlun.pdf>

9. Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið

Skólinn opnar kl. 7:45 en formlegt skólastarf hefst kl. 9:00 og stendur til 14.30.

Skóladagurinn er samfelldur með stundarhléum og matarhléi. Foreldrum býðst að kaupa tómstundastarf skv. 33. grein grunnskólalaga. Tómstundastarf er í boði eftir skólatíma til kl. 16:30 á daginn. Einnig er starfræktur tómastundaskóli í vetrarleyfum og í lok skólaárs, út júní, þannig að skólabörn eiga ávallt í hús að venda.

Símanúmer skólans er 555-7910 og netfang skólans er barnaskolinnrvk@hjalli.is.

Heimasíða skólans er www.hjalli.is/bskre

10.1. Forfallatilkynningar

Ef foreldrar eða starfsfólk þurfa að biðja um leyfi er það gert annars vegar með því að ræða við kennara barns eða sækja um leyfi til skólastýru. Ef boða þarf forföll af einhverju tagi, s.s. veikindi, er það tilkynnt símleiðis eða með tölvupósti að morgni dags.

10.2. Bókasafn

Bókasafn er ekki í skólanum en nemendur og kennarar nýta sér Borgarbókasafnið. Auk þess kemur bókabíllinn Höfðingi reglulega í heimsókn í Barnaskólann. Fartölva og spjaldtölvur eru á hverjum kjarna. Kennarar eru ábyrgir fyrir notkun þeirra.

Börn sem eru með farsíma geyma þá hjá kennara á skólatíma.

10.3. Mötuneyti

Nemendur fá heitan málsverð á skólatíma auk morgunverðar og síðdegishressingar í tómstundastarfi. Allar máltíðir koma frá fullbúnu mötuneytiseldhúsi sem staðsett er í öðru húsi Barnaskólans, í leikskólanum Öskju. Matreiðslumaður stýrir því eldhúsi og er eldhúsið með tilskilin starfsleyfi.

10.4. Viðtalstímar

Viðtalstímar kennara eru eftir samkomulagi en allir kennarar eru í mjög góðu sambandi við foreldrahópinn sinn. Foreldrar geta leitað til kennara á skólatíma, hvort heldur sem er fyrir kennslu, með tölvupósti eða símleiðis að kennslu lokinni.

10.5. Óskilamunir

Í foreldraviðtölum og við önnur tækifæri þegar foreldrar koma í heimsókn í skólann, svo sem í morgunkaffi eða aðrar hátíðir, er óskilamunum safnað saman og foreldrar og börn hvött til að finna sínar eigur í þeim. Hafi óskilamunir verið ósnertir í eitt ár eru fötin gefin til góðgerðarmála.

10.6. Íþróttahús og sundlaug

Samningur hefur verið gerður við íþróttafélagið Val um afnot af íþróttasal fyrir íþróttakennslu. Börnin í Barnaskólanum sækja sundkennslu í Sundhöll Reykjavíkur. Kennarar fylgja barnahópnum og eru þau keyrð í skólabíl á vegum skólans. Íþróttakennari Barnaskólans kennir börnunum sund og íþróttir. Íþróttakennsla fer fram í Valsheimilinu. Ef upp koma þær aðstæður að sund eða íþróttir í dagsskipulagi falla niður kemur íþróttakennari á öðrum tíma í skólann og fer með börnunum í úti-íþróttatíma.

10.7. Heimanám

Heimanám felst eingöngu í daglegum heimalestri.

10. Stoðþjónusta

Hjallastefnan er í samstarfi við Sálstofuna í Kópavogi og sjá sálfræðingar stofunnar um greiningar og þroskamát sem gera þarf. Sérkennarar skólans eru Júlía Heiða Ocares og

sér hún um atferlisþjálfun, ráðgjöf og almennt utanumhald sérkennslu. Benedikta Birgisdóttir sér um námslega aðstoð við nemendur sem þurfa á aðstoð að halda. Allar greiningar og ráðgjöf eru í umsjón Barnaskólans, þ.e. skólastjóra og fara þær fram innan skólans. Skólinn er með starfssamning við Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing varðandi greiningar sem varða tal-og málþroska. Einnig er skólinn í samstarfi við sérfræðing í lesskimun/LOGOS prófum sem prófar börn í skólanum og tekur aukalega börn í frekari greiningu ef grunur um lesblindu/lesörðugleika er að ræða. Ef kennari óskar eftir því að barn sé athugað með einhverjum hætti er slíkt borið undir skólastjóra og viðkomandi foreldra/forráðamenn. Foreldrar/forráðamenn skrifa undir beiðni sem heimila þær athuganir sem óskað er eftir hverju sinni. Sérkennarar halda utan um öll sérkennslugögn. Sérkennsla og sérstuðningur sbr. 17. gr. laga um grunnskóla er fyrir hendi fyrir börn, sem eiga erfitt með nám sökum námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. lög um skóla.

11.1. Einstaklingsáætlun

Í skólanum er námsver, sem ber heitið Gestakjarni. Sérkennarar stýra Gestakjarna. Þangað fara börn til dæmis til að styrkja sig í námstengdum þáttum, fá vinnufrið eða til að fá meira ögrandi verkefni. Tveir sérkennarar starfa á gestakjarna og er annar þeirra atferlisþjálfari. Þeir sjá um utanumhald með stuðning inni í kjörnum, einstaklingsþjálfun, félagsfærniþætti og kennslu í námstengdum þáttum. Sérkennarar og kennarar sitja teymisfundi, skilafundi, vinna að einstaklingsáætlunum og öðru því tengdu, sem fer eftir eðli mála og eftirfylgni. Allt er þetta gert í samvinnu við skólastýru, kennara og sálfræðinga skólans. Ýmist er unnið með börnum inni í kjarnanum þeirra, þeim boðið í hópatíma í gestakjarna eða boðið upp á einstaklingsþjálfun. Eftirfylgni og aðstoð fyrir börnin er samkvæmt lögum um sérkennslu (Reglugerð um sérkennslu). Stoðþjónusta Barnaskólans starfar í samræmi við lög um grunnskóla, reglugerð um um sérfræðiþjónustu í skólum og nemendur með sérþarfir. Þangað fara öll þau börn sem þurfa námsaðstoð, félagsfærni eða atferlisþjálfun. *Sérkennari leiðbeinir stuðningsfulltrúum* sem starfa undir þeirra leiðsögn við að styðja við nemendur sem það þurfa, námslega eða félagslega. *Atferlisþjálfari* veitir kennurum og foreldrum ráðgjöf vegna

barna með hegðunarvandamál. Talmeinafræðingur skólans veitir sérkennara ráðgjöf og situr fundi með foreldrum og fer yfir skipulag og hvað foreldrar geta gert til að þjálfa barnið. Kennarar skila einstaklingsáætlun fyrir hvern nemanda (fylgiskjal, dæmi um einstaklingsáætlun).

11.2 Náms- og starfsráðgjöf

Sérkennari skólans sér um námsráðgjöf við nemendur í samstarfi við skólastýra. Enginn sérstakur námsráðgjafi starfar fyrir skólann en kennarar sinna allri aðstoð vel, og það er vel hægt þar sem hóparstærðir eru litlar.

11.3. Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er í Barnaskólanum sem starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð. Í ráðinu er skólastýra, fulltrúi þjónustusviðs Reykjavíkurborgar, sérkennslustýra og skólahjúkrunarfræðingur. Nemendaverndarráð fundar einu sinni í mánuði. Fundir eru færðir til bókar.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að fjalla um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur sem kennarar hafa þá vísað til ráðsins. Það getur verið nemandi sem þarf á sérstakri aðstoð að halda að mati umsjónarkennara, vegna námsörðugleika, sjúkdóms, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika. Ef máli þarf að vísa áfram til barnaverndar eða kalla foreldra til fundar þá er það gert með milligöngu skólastýra. Þá fylgir skólastýra málinu eftir og gefur nemendaverndarráði upplýsingar um það við.

11.4. Samstarf við Þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir

Barnaskólinn er í mjög góðu samstarfi við þjónustumiðstöð hverfisins og aðrar stofnanir eftir því hvaða verkefni liggja fyrir. Þar má nefna stofnanir eins og Barnavernd, Raddlist ehf. og fleira. Kennsluráðgjafi frá Þjónustumiðstöð situr alla nemendaverndarfundum og oft er kallað eftir aðstoð frá þeim ráðgjafa í tengslum við nemendur.

11.5. Skólahjúkrunarfræðingur

Skólaheilsugæsla er fyrir hendi skv. 41. gr. grunnskólalaga og er leitað til Heilsugæslustöðvar hverfisins. Skólahjúkrunarfræðingur er með viðveru í skólanum einu sinni í viku fyrir hádegi á fimmtudögum og sér hann um skólaheilsugæslu, mælingar, skoðanir og fræðslu. Ef upp kemur slys eða óhapp í skólanum er brugðist við því með tilliti til alvarleika þess og aðstæðna hverju sinni. Slysavarnir eru góðar þar sem húsnæðið er nýbyggt og uppfyllir ríkulegar öryggiskröfur. Öryggi barna er ávallt í fyrirrúmi og leitast kennarar við að fyrirbyggja að óhöpp eigi sér stað en eins og alls staðar gera slysin ekki boð á undan sér. Mikilvægt er að allt starfsfólk sé viðbúið og reglulega eru haldin skyndihjálparnámskeið. Slysaskráningar eru markvissar í skólanum. Arna Dröfn Hauksdóttir er hjúkrunarfræðingur skólans. Viðverutími hennar í skólanum er: Fimmtudaga: 8.30 – 12.00

Skólaheilsugæslan er framhald af ung- og smábarnavernd og sér um fræðslu, reglubundnar skoðanir og bólusetningar. Hægt er að ná sambandi við skólahjúkrunarfræðing á Heilsugæslu Hlíðasvæðis í síma: 5135900 eða á hjallastefnuskoli.reykjavik.is@heilsugaeslan.is

11. Sérúrræði

12.1. Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu

Sjá fylgiskjal um heildaráætlun 2020-2021

12.2. Námsver

Eins og fram hefur komið er Barnaskólinn með sérkennslukjarna sem kallaður er Gestakjarni. Þangað geta börn farið til að styrkja sig í námstengdum þáttum, t.d. til að lesa (sjá 11.1).

12. Tórstundastarf

Boðið er upp á síðdegisstarf eftir skóla frá kl.14.30 – 16.30. Þar eru börn í starfi inni á kjörnum með kennurum eða leiðbeinendum. Þau fá nónhressingu og geta valið sér ýmis viðfangsefni. Sérstök námskeið innan síðdegisstarfsins eru í boði og geta foreldrar keypt börn sín inn í þau hverju sinni. Það hefur verið boðið upp á námskeið í myndlist, leiklist, frönsku, tæknilegói og ýmiskonar hljóðfæranám.

13. Ýmsar áætlanir

Í Barnaskólanum í Reykjavík er starfandi aðgerðarteymi vegna ofbeldis gegn börnum. Í teyminu sitja skólastýra og skólasálfræðingur. Aðgerðaráætlun hefur verið gerð af ofangreindum aðilum og er hún á heimasíðu skólans.

Áætlun gegn einelti er einnig að finna á heimasíðu skólans.

<http://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Aaetlanir>

Eldvarnar- og rýmingaráætlun er til staðar. Hún er aðgengileg starfsfólki í skólanum.

Sama má segja um áætlun um viðbrögð við óveðri. Viðbragðsáætlun Almannaþingarinnar er á heimasíðu. <http://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Aaetlanir>

14.1. Áfallaáætlun

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að eitt af skilgreindum hlutverkum grunnskólans sé að gæta þess að nemendum líði vel, andlega, líkamlega og félagslega. Það er því augljóst að rétt viðbrögð við áföllum er nauðsynleg.

Í skólanum er starfrækt áfallaráð.

Hlutverk þess er:

- að fara með verkstjórn þegar sorgaratburðir, válegir atburðir eða alvarleg áföll verða meðal nemenda og/eða starfsfólks innan skólans eða í tengslum við hann.
- að standa að fræðslu fyrir starfsfólk skólans um viðbrögð barna við áföllum (þó ekki í tengslum við sorgaratburði).
- að hvetja kennara til að fjalla um dauðann/áföll/missi í kennslu sinni án sérstaks tilefnis.
- að sjá til þess að foreldrum sé bent á það á hverju hausti að skólinn vill vita ef

breytingar verða á heimilishögum nemenda, s.s. alvarleg veikindi, skilnaður og eða dauðsfall.

Í áfallaráði eru skólastýra, sálfræðingur og sóknarprestur. Taka þarf tillit til þess, að hugsanlega vill sá aðili sem sorgaratburður snertir náði, ekki íhlutun prests.

Skólastýra er aðal stjórnandi viðbragðsferils. Hann aflar upplýsinga, staðfestir og veitir þær. Ef kennari eða annar starfamaður fréttir af áfalli í tengslum við skólann kemur hann upplýsingum til skólastýru.

Börn

Ef viðkomandi sem fyrstur fær fréttir af alvarlegum atburði sem tengist barni í skólanum er ekki kennari barns skal viðkomandi hafa samband við skólastýru sem tekur málið áfram og hefur samband við viðkomandi kennara. Kennari og skólastýra vinna saman að því að vera í sambandi við aðstandendur hvort heldur sem á við að láta foreldri vita af alvarlegum atburði sem átt hefur sér stað í skólanum eða til þess að fá frekari fréttir frá foreldri vegna atburðar. Skólastýra hefur samband við prest sem situr í áfallaráði ef eftir því er óskað af foreldri/forráðarmanni eða kennara. Skólastýra kallar saman áfallaráð skólans sem fer yfir atburð og ákveður næstu skref um hvernig best sé að vinna úr áfalli með barnahópnum og kennara.

Starfsfólk

Ef viðkomandi sem fær fréttir af alvarlegum atburði sem tengist starfsmanni skólans er ekki skólastjóri skal viðkomandi setja sig fyrst í samband við skólastýru. Skólastýra hefur beint samband við starfsmann eða nánasta aðstanda hans. Skólastýra hefur samband við prest sem situr í áfallaráði ef eftir því er óskað. Skólastýra kallar saman áfallaráð skólans sem fer yfir atburð og ákveður næstu skref um hvernig best sé að vinna úr áfalli með starfsmannahópnum annars vegar og barnahópi viðkomandi starfsmanns hins vegar.

Forvarnarstefna

Forvarnarstefna Barnaskólans í Reykjavík felur í sér að fara ætíð eftir meginreglu eitt sem snýr að börnum. Alltaf skal hafa gætur á hverju einasta barn. Hlutverk starfsfólks er að búa hverju barni þau skilyrði að því líði alltaf sem allra best í skólanum, finni til

trausts, virðingar, réttlætis og umhyggju í sinn garð. Með fámennum nemendahópum hvers kennara gefst aukið svigrúm til að fylgja eftir líðan barns og nánari tengsl kennara og barns myndast. Það er skilyrðislaust hlutverk hvers starfsmanns við skólann að setja barn alltaf í forgang í daglegum störfum samkvæmt meginreglu eitt í starfsháttum Hjallastefnunnar.

Markvisst er unnið af forvörnum í víðum skilningi og börnin læra sjálfstæða hugsun og að bera ábyrgð á eigin hegðun. Þannig er stuðlað að góðri sjálfsmynd. Hóparnir í Barnaskólanum eru litlir og því mikið tækifæri til að byggja upp góð og jákvæð samskipti, virðingu, heilbrigðan og góðan félagsþroska. Ef börnin ruglast í sinni hegðun, er strax beðist afsökunar og síðan haldið áfram með það mottó að leiðarljósi, við gerum betur næst. Öll þessi uppbyggingarvinna nýtast börnunum vel og byggir upp góðar stoðir sem nýtast sem forvarnir fyrir óábyrgum ákvörðunum eins og t.d. er varða neyslu. Forvarnir eru helst á sviði, jafnréttis, mannréttinda, kynheilbrigðis og velferðar. Í 5. bekk er sérstök fræðsla um netnotkun og sérfræðingur um tölvunotkun kemur í heimsókn til að fræða börnin. Forvarnir eru gegn notkun áfengis og annarra fíkniefna.

14.2. Jafnréttisáætlun

Jafnréttisnámskrá Hjallastefnunnar byggir m.a. á eftirfarandi þáttum: samskipti, vinátta og félagsleg færni, sjálfstjórn og sjálfstæði svo og lýðræði og jafnrétti, sem metnir eru að verðleikum til jafns á við aðrar hefðbundnar námsgreinar Aðalnámskrár grunnskóla. Þannig er öll kennsla bundin við markmið og leiðir kynjanámskrár Hjallastefnunnar þar sem ofangreindir þættir eru skilgreindir samkvæmt þörfum bæði stúlkna og drengja. Markvisst er starfað að því að bæði kyn fái notið sín á eigin forsendum. Með kynjanámskránni er í fyrsta lagi beitt kynjaskiptingu stærstan hluta dagsins til að tryggja báðum kynjum réttláta kennslu, athygli, hvatningu og rými og einnig til að bæði stúlkur og drengir geti ótrufluð æft bæði eiginleika og færni sem í kynjablönduðu skólstarfi er venjulega einokað af öðru kyninu. Í öðru lagi er lagt upp úr að meta jákvæða þætti í menningu beggja kynja og auðga reynslu þeirra til að sporna gegn þeim veikleikum bæði stúlkna- og drengjamenningar sem birtist þegar kynjamenningin verður of einhliða. Í þriðja lagi er beitt svonefndri uppþótarvinnu til að styrkja bæði stúlkur og drengi á þeim

sviðum sem hafa verið vanrækt vegna kynferðis þeirra. Þannig þarfnast stúlkur sérstakrar styrkingar og þjálfunar á sviði einstaklingseiginleika og má þar nefna sjálfstæði, jákvæðni, kjark og frumkvæði. Drengir þarfnast hins vegar styrkingar og meiri þjálfunar en þeir venjulega fá á sviði félagslegrar hæfni og ber þar hæst hegðunarkennsla, samstöðuæfingar t.d. gegn einelti og þjálfun í vináttu og nálægð. Bæði kyn fá þó vitaskuld bæði einstaklings- og félagsþjálfun en í mismiklu magni og á ólíkum forsendum eftir þörfum hvors kyns fyrir sig. Markmið kynjanámskrár Hjallastefnunnar er því að veita öllum börnum aðgang og þjálfun að öllum sammannlegum eiginleikum – óháð kynferði.

14.3. Umhverfisáætlun skólans

Í skólasöng Barnaskóla Hjallastefnunnar er fjallað um áherlsuna á umhverfið og umhverfisvitund en þar segir meðal annars:

Á oddinn við umhverfið setjum
og ætlum að standa þar vörð.
Já, alla við eindregið hvetjum,
til umhyggju við þessa jörð.

Börnin eru frædd um umhverfisvernd og sjálfbærni. Þau eru hvött til að ganga snyrtilega um umhverfi sitt, þau fara reglulega út og týna rusl, þau ganga ekki á útiskóm inni í skólastofunum og læra að taka til eftir sig. Flokkun úrgangs er viðhöfð í skólanum og læra börnin hvernig hin ýmsu enfi flokkast og flokkunarílát eru sýnileg. Börnin læra að endurnýta hluti og handverkskennslan byggist mikið á því að skapa umhverfisvitund hjá börnunum. Í skólanum eru notaðar sparperur og börnin læra að slökkva ljós í rýmum sem ekki eru í notkun hverju sinni. Við innkaup er leitast eftir að kaupa umhverfisvænar vörur og endurnýtanlegar. Átak hefur verið gert í matarsóun og börnin læra á persónulegar skammtanastærðir og að klára sinn mat.

